

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
b/t Rúnar Guðmundsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 7. júní 2019  
UST201905-111/A.B.  
10.04.03

**Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Skálpanes – fjallasel - Bláskógabyggð**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir fjallaselið Skálpanes í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram að í fjallaselinu Skálpanesi sé gert er ráð fyrir að viðhalda núverandi mannvirkjum, en þar er ein lóð og innan hennar er um 150 m<sup>2</sup> hús sem nýtt er sem aðstaða fyrir ferðamenn sem fara í ferðir á Langjökul, einnig um 20 m<sup>2</sup> hús fyrir starfsfólk, salerni og rafstöð. Auk þess kemur fram að engin gisting er á staðnum.

**Miðhálandisþjóðgarður**

Umhverfisstofnun bendir á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um átak í friðlýsingum og er hluti þess átaks stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Hefur ráðherra skipað þverpólitíska nefnd um verkefnið.

Hlutverk nefndinni er m.a. að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaðþróun og atvinnulíf. Við störf nefndarinnar verður haft samráð við helstu hagsmunaaðila og almannasamtök, s.s. náttúruverndarsamtök, útvistarsamtök og samtök hagsmunaaðila s.s. í ferðaþjónustu, landbúnaði og orkumálum.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakei Kristjánsdóttir  
sérfræðingur